



365

**Útgáfufélag:**  
365 – prentmiðlar  
**Ritstjórn:**  
Björgvin Guðmundsson  
Páll Baldvinsson  
**Fréttastjóri:**  
Óskar Hrafn Þorvaldsson  
DV: Skafatúli 24, 105 Rvík, sími: 550  
5000 Fax: Auglýsingar: 515 7599 –  
Ritstjórn: 550 5020 Fréttaskot: 550  
5090 Ritstjórn: ritstjorna@dv.is  
Auglýsingar: auglysingar@dv.is.  
Setning og umbrot:  
365 – prentmiðlar.  
**Prentvinnsla:** Ísafoldarprentsmiðja.  
**Dreifing:** Posthúsið ehf.  
dreifing@posthusid.is

DV áskilur sér rétt til að birta óbents  
efni blaðsins í stafrænu formi og úr  
gagnaböndum án endurgjalds.  
Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð.

### Björgvin



Björgvin Guðmundsson  
helma og að helman



**Halldór Ásgrímsson**  
forsætisráðherra  
gefur góðan  
höggsstað á  
sér eftir að  
hafa mætt í  
þáttinn  
Strákarirnir á  
Stöð 2 í  
fyrirakvöld. Í  
lokn á þættlin-  
um mátti sjá hann í  
nátttröjlu, háfan uppi í rúmi  
hjá Auða, Sveppa og Pátri  
Jóhanni. Þetta er þó ekki í fyrsta  
skipti sem pólitískur forystu-  
maður mættir til Strákanna. Það  
vakti athygli og umtal þegar  
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir  
mætti, að ég held fyrst stjórnmá-  
láleflosta, í þennan þátt  
þegar hann var sýndur á Popp-  
Tívi. Drakk hún ógeðisdrykk í  
aðdraganda kosningabaráttu.  
Síðan þá hefur rób stjórnmála-  
manna viljað vekja á sér athygli  
með þessum hætti og taka þátt  
í léttu glensni.



**Hvítt er svart og svart er hvítt.**  
Ég hugsaði þetta þegar ég las  
grein Stefáns  
Ólafssonar  
professor-  
s í  
Morgun-  
unblaði-  
nu á mið-  
vikudag-  
inn. Reynd-  
ar er sláandi  
hvað ríð þú fær miklu melri skatt-  
tekkur núna en fyrir nokkrum  
árum. Það sýnir að það megi  
þringja tekkifærni frá almenn-  
ingi til ríkisins enn meira en gert  
hefur verið. Það er ekki hollt  
fyrir stjórnmálamenn að hafa of  
mikla peninga milli handanna.  
En skattar fólks hafa lækkað.  
Stefán víðurkennir það. Segir  
skattthlutfallið nú vera um 38,6  
prósent en var tæp 42 prósent  
árið 1995.

Af hverju hefur skattþyrðin, eins  
og Stefán kallar það, þá aukist?  
Já, tekjur einstak-  
linga hafa  
aukist gíf-  
urlega á  
þessum  
tíma.  
Það  
þýðir að  
við borg-  
um fleiri  
krónur í  
skatt þrátt fyrir  
lækkan skattthlutfallsins. En það  
er rangt hjá Stefáni að stjórnmá-  
laöld hafi minnkað skattfrjálsa  
hlutann af tekjum fólks. Skatt-  
leysismörkin voru og eru 79  
þúsund krónur. Fólk greiðir  
skatt af stærri hluta tekna sinna  
einfaldlega vegna þess að laun-  
in hafa hækkað.



Eiríkur Jónsson

**Bæði menn og konur, ungir sem aldnir, verða stöðugt að vera á varð-  
bergi fyrir bergmáli fjöldans sem ómar stundum öllum að övörum.**

# Hópsálar og hugsunarleysi

**Röndóttir treflar  
Jólagjöfin 2005 hjá  
Svövu Eyjólfadóttur í  
Verslun Guðsteins.**

Sá maður er blindur sem ekki hefur séð  
karlmann með röndóttan trefil í vetrarhórku  
undangenginna daga. Og ekki nóg með það.  
Allir binda þeir trefilinn eins; tvöfaldan um  
háls og inn í lykkuju sem myndast. Hnútur  
sem Dorrit Moussaieff kynnti fyrir nokkrum  
árum og Íslendingar höfðu aldrei séð áður.

Og þegar æði rennur á þjóðina vikur öll  
heilbrigði hugsun. Allt verður svart/hvítt þó  
tilviljun hafi ráðið því að trellaæðið sé rönd-  
ótt. Hugsunin verður ein. Og þá getur djöf-  
ullinn orðið laus.



Nú er ágætt að forsetafrúin hafi áhrif á  
tísku hér á landi enda treflahnútur hennar  
smekklegur eins og annað sem henni tengist.  
Einnig er gott að Íslenskum karlmönnum  
verði ekki kalt. Hins vegar ætti það að vera  
áhyggjuefni að allir sem einn taki upp sama  
sið í hugsunarleysi hversdagsins. Því hvað  
deltur mönnum í hug næst?

Bæði menn og konur, ungir sem aldnir,  
verða stöðugt að vera á varðbergi fyrir berg-  
máli fjöldans sem ómar stundum öllum að  
övörum. Að hrifast ekki með samsöng þeirra  
sem í hugsunarleysi tjá tilfinningar sem oftar  
en ekki eru lítt grundaðar og eiga sér stund-  
um rætur í allt öðru en því sem efst lýtur.

Þegar hópsálar fara af stað getur vó verið  
fyrir dyrum. Allir sem einn sameinast um  
hugarástend sem getur í raun orðið hvað  
sem er. Sést best á röndóttu treflunum. Þeim  
má líkja við æði.

Um sumu er sagt að þeir bindi ekki bagga  
sína sömu hnúttum og samferðamennirnir.  
Oftr er lítið á þá sem sérvítunga. En þeir  
hugsa þó sjálfstætt og það ætti að vera  
keppikefli okkar allra.

Röndóttir treflar eru smart. En ekki þegar  
allir eru komnir með þá. Þó svo hnútur  
Dorritar sé ágætur til síns brúks.

## Kvennaklúbbur Dorrit á Hótel 101 GIRDMEYJAR SEM VANTAR Í HÓPINN

1.  Gullveig Sæmundsdóttir þó ekki væri nema fyrir nafnið.	2.  Svanhildur Hólm Nóg góð fyrir Oprah.	3.  Bryndis Schram Svo mikill selskapsdama.	4.  Eyrún Magnúsdóttir Upprennandi samkvæmisstjarna.	5.  Stelunn Ólína Íslensk Hollywoodstjarna.	6.  Brynja Nordquist Hún er kona þórhalls í Kastljósinu.
--	--	---	--	---	--

# Ráðherra með leikáætlun

**MENNTAMÁLARÁÐHERRA** á vændum  
ánægjulegar víðræður við fulltrúa  
kvikmyndaiðnaðarins í landinu. Hún  
hét þessum unga en mikilvæga sprota  
nýjum samningi til framtíðar þegar  
hún var sparikleidd á Eddunni og öll  
þjóðin fylgdist með. Þótti sumum full-  
mikill sleikjuskapur í því hófi við ráða-  
menn sem voru þar allir í fremstu röð  
og drógu mjótt mild vín. Það var í nóvemb-  
er.

**Fyrst og fremst**  
menn safna vopnum. Nýlega hafa  
samningar gengið í gegn í Svipjóð og  
Dannörku. Í báðum tilvikum var  
samið til nokkurra ára og drógu  
stjórnmál fagfélög, sjóði og sjón-  
varpsstöðvar að samningaborðinu.  
Var þó ekki uppi það ástand í málef-  
num sjónvarpsstöðva sem er hér á  
landi: frumvarp um stöðu einkarek-  
inna fjölmiðla í und-  
irbúningi og  
frumvarp um  
ríkisútvarp kom-  
ið til nefnda.

**Ráðherrann hefur því  
í hendi sér einstakt  
tækifæri til að koma  
kvikmyndaiðnaði  
landsins í æskilega  
stöðu til næstu fjög-  
urra, fimm ára og um  
leið að tryggja sér  
minnisvarða.**

NÚ er kominn þorri. Ekkert bólar  
enn á samkomu-  
lagi við

Útvarpsstjóri Páll Magnússon.	Dagskrárstjóri Helmir Jónsson.	Skjástjóri Magnús Ragnarsson.
-------------------------------	--------------------------------	-------------------------------

**RÁÐHERRAN** hefur því í hendi sér einstakt tækifæri til

að koma kvikmyndaiðnaði landsins í  
æskilega stöðu til næstu fjögurra,  
fimm ára og um leið að tryggja sér  
minnisvarða í grein sem er afar sýn-  
leg í samfélaginu, ekki bara meðan lög  
eru samþykkt og samningar gerdir  
heldur áfram og stöðugt. Kunngiver  
menn í PR-bransanum fullyrða að  
enginn stjórnmálamaður hafi fengið  
annað eins tækifæri upp í hendurnar í  
langan tíma.

ÞAD verður aðeins gert með því að  
skylda sjónvarpsstöðvar til að sýna til-  
tekið hlutfall dagskrár á íslensku, efur  
íslenska menn, íslensk fyrirtæki, ekki  
deildir í ríkis-  
stofnun eða  
stóru fjöl-  
miðlafyrir-  
tæki. Enn hefur  
hún rúm og  
tíma til þess.  
pbb@dv.is

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir Menntamálaráðherra með leikáætlun.

## Nýr skandall

„Nýr skandall! Annar hinna  
nýráðnu ritstjóra, Björgvin Guð-  
mundsson, reyntist vera svo hægr  
sinnabur að áskrifendur blaðsins  
spyrja sjálfa sig hvort þeir séu  
staddir á málfundi hjá Heimdalli,  
félagi ungra sjálfstæðismanna,  
þegar þeir lesa ritstjórnarpísta  
hans.“ skrifa Ögmundur Jónasson  
sjóðheitur á síðu sína.

Ögmundur á það sammerkt  
með svo mörgum stjórnmála-  
mönnum af gamla skólanum að  
skilja ekki nútíma fjölmiðlun. Þeir  
tímar eru löngu líðnir, svona á  
beitri þæjum, að einhver ein-  
lína sé lögð  
hvað þá póli-  
tísk lína.  
Almennileg-  
ri fjölmiðlar  
eru margra  
radda.

Ögmundur Jónasson  
Er nú mjög uggandi um  
að hægrmenn hafi eignast  
nýtt málgaug í DV.

## Að káma puttana í kökukrúsinni

„Ýmsir hafa orð-  
ið til að hýlla þá  
ákvörðun Þor-  
gerðar Katrínar [...] að  
skipta ekki nýja  
fjölmiðlanefnd án  
þáttroku stjórn-  
andastöðulokk-  
anna.“ skrifa Jón Kaldal skeptisk-  
ur í Sjónarmiðum FbL í gær.

Jón hefur fyllstu ástæðu til að  
hafa vararni á. Pólitískar hafa sýnt  
fram á að hafa afar takmarkaðan  
skilning á fjölmiðlun. Og stjórnmá-  
laandstáðan virðist hafa haft það eitt  
á móti fjölmiðlafrumvarpinu ill-  
ræmda á sínum tíma að hafa ekki  
fengið að komast til þess sjálf líka  
að káma puttana í kökukrúsinni.

Jón Kaldal hefur fyllstu  
ástæðu til að setja fyrirtæki á  
niðurstöðu fjölmiðlanefndar –  
með eða án stjórnarandstöðu.

Mr. 16  
lagt fram  
1. febr. 2006



365

**Útgáfufélag:**  
365 - prentmiðlar  
**Ritstjórn:**  
Björgvin Guðmundsson  
Páll Baldvín Baldvinsson  
**Fréttastjóri:**  
Óskar Hrafn Þorvaldsson  
DV: Skafthlíð 24, 105 Rvík, sími: 5500  
5000 Fax: Auglýsingar: 515 7599 -  
Ritstjóm: 550 5020 Fréttaskot: 550  
5090 Ritstjóm: ritstjorn@dv.is  
Auglýsingar: auglysingar@dv.is  
**Setning og umbrot:**  
365 - prentmiðlar  
**Prentingarmiðla:** Laufeldarprentsmiðja,  
**Dreifing:** Posthúsið ehf.  
dreifing@posthusid.is

DV áskilur sér rétt til að birta óbent  
efni blaðsins í stafrænu formi og úr  
gagnabönum án endurgjalds.  
Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð.



Karen Kjarntansdóttir heima og að heiman

Íslendingar eru hysterískir  
að eðlisfari. Við höfum  
lengi talið okkur trú  
um að við séum  
köld og lokuð  
þjóð. Þykjunt  
verða undrandi  
þegar við sjáum til-  
finningaþrúningar  
kveður suðrænna þjóða  
og skiljum ekki væmna í Kan-  
anum. Þegar allt kemur til alls held  
ég þó að við náum að samelna  
fiestar öfgar sem nöfnum tjár að  
nefna. Eg veit ekki af hverju þetta  
stafar. Ef til vill er hægt að kenna  
bandarísku sjónvarpsföni um  
þetta. Stór hluti þjóðarinnar hefur  
kosið að næra sinn inntil mann  
næstum einngöngu á þáttum frá  
þeirri stóru þjóð en þar ráða yfir-  
gengilegar tilfinningar íbúga ríkj-  
um.

Nú er Júrónvísdón- og Evrópu-  
keppnin í handbolla að hertaka  
sálur þjóðarinnar. Eins og venju-  
lega elgum við eftir  
að verða sann-  
færð um sigur  
á einhverjum  
tímamarki.  
Sannfærnum  
um að allir  
hljóti nú að sjá  
hvað við berum af  
öðrum, þetta sé algjör mega land-  
kyrning. Svo hlæjum við og græt-  
um saman. Það er eins og við  
séum komnir með ákveðna upp-  
skrift af viðbrögðum við stórum  
sigrum og skellum. Ef vel gengur  
tölum við miðli um landkyrningu-  
na og yfirburðina en ef við mæt-  
um skakkaðum föllum reynum við að  
finna ástæðuna fyrir þessari  
ósvinnu. Sökina höfum við aldrei  
fundil hjá okkur sjálfum.

Það verður að viðurkennast  
að við höfum átt  
beiti spretti í Júr-  
ónvísdónu heidur  
en í fyrsta þegar  
við höfum öll  
sem eitt á Selmu  
okkar tapa með  
glæsibrag. Aldrei  
kom neinum í hug að  
lagið hefði verið slæmt heidur var  
skuldinni skelt á meintan klíksk-  
ap austur evrópskra þjóða. Þegar  
aldagarnir óvni á Balkanskaga  
og við Eyjafá kusu lög hvers annars  
áfram í þessari leiðilegu  
keppni virst sem stór hluti Íslend-  
inga teldi ástæðuna fyrir því vera  
vináttu. Það virst útlök að  
ræða um að líkur smekkur þjóð-  
anna hafi ráðið för. Við gefumst  
samt ekki upp. Nú hefur blessað  
rfskissjónvarpið ákveðið að eyða  
tugum milljónum í forkeppni og eftir  
að þeim þingningum hefur verið  
varið úr þryggju skattgreiðanda  
hlýtur sigurinn að vera í höfn.  
Verst að þessi lög sem kynnt voru  
um helgina voru hvert öðru vera.



### Leiðari

Páll Baldvín Baldvinsson

Skattfé til styrktar framleiðslu leikinna mynda og sjónvarpsföfnis,  
heimilda og stuttmynda á að auka og allir fagna því. En hvar á að  
sýna þjóðinni þetta efni?

## Gamlir draugar fara á kreik

Frumvarp um ríkisútvarpið er komið fram og í undirbúningi nýtt frumvarp til fjölmiðlalaga. Ráðherrann og ríkisútvarpsstjórnin eru samhent í skrifum sínum þessa dagana: það eru rekstrarform og eignarhald sem skipta öllu máli. Innihald ræður – „contend is king“ – var vinsæll frasi í sjónvarpsbransanum fyrir áratug. Og er enn víða í fjölmiðlum. Stærsta áskrifarblað landsins hefur gert það að kjörorði. Ráðherra virðist það vera auka-  
ríði. Hún ætlar sér að komast hjá því að ræða um kröfur Bandalags Íslenskra listamanna og gamalkunnar óskir Íslenskra framleiðenda að lítið verði til sprotastarfsemi í skapandi iðnaði. Innlend mennt skiptir hana engu máli í setningu nýrra laga um ríkisútvarp og fjölmiðla á ljósvakanum. Í öllum þinglokum ætla ráðamenn sér að skauta fram hjá þeirri skyldu sem viðast í nágrannalöndum okkar er talið sjálfsgætt að veitur og fjölmiðlar á ljósvaka og veitukerflum sinni. Á sama tíma eru þingkjörnir full-  
trúar gjarnir á að státa sig af sköpun sem á sér stað í myndframleiðslu. Rými er aukid



Hik þingmanna að leggja fjölmiðlum á herðar skyldur um hlutfall innlens efnis er óskiljanlegt fyrir erlend fyrirtæki að koma hingað til lands og vinna hér verkefni – fyrir erlendan markað. Skattfé til styrktar framleiðslu leikinna mynda og sjónvarpsföfnis, heimilda og stuttmynda á að auka og allir fagna því. En

hvar á að sýna þjóðinni þetta efni? Meðan þeim fyrirtækjum, í hverra eigu sem þau eru, er heimiluð starfsemi hér á landi án þess að settar verði skorður um hlutfall innlendrar dagskrár er engin von til þess að innlendur framleiðsluöndur komist í lappirna. Á árlægum samráðsfundi Bandalags Íslenskra listamanna í fyrria með ráðherra var sú krafa efti á blaði að innlent efni í sjónvarpsmiðlum yrði aukid. Það verður ekki gert með styrktarfé úr sjóðum landsmanna. Það verður að gera með skil-  
yrðum fyrir rekstri innlendra sjónvarpsstöðva sem starfa á landsvísu. Hræðsla þingmanna við að taka þetta skref er mörkuð því viðskiptastríði sem mest mark setti á fjölmiðlafarid sáluga. Nú á aftur að taka upp þröðinn frá fyrria vetri án þess að líta á aðalatriði málsins. Hvernig verða ljósvakaþjálmiðlar á Íslandi gerdir að veitum fyrir efni um Íslandinga fyrir Ísland-  
inga á þeirra eigin tungu. Þjóðin þarf lifandi hugmyndir frá þinginu í fjölmiðlamálum en ekki gamla drauga.

## Vala Matt kys að fara á stefnumót í útlöndum

### 5 góðir á stefnumót í erlendum stórborgum

<p>Ásgel Friðgeirsson Gætt tengid einkabotu þjargólfs Thor lánaða.</p>	<p>Baldvín Jónsson Kominn með aðsetur úr Washington.</p>	<p>Björn Ingl Hrafnsson Kemst allt með diplómatapassa.</p>	<p>David Oddsson Þekkir hvar ádyrast er að versta.</p>	<p>Gelr Ólafsson New York, New York.</p>
--	--	--	--	--

## Hommar og lesbíur láta kné fylgja kviði

TÓLF SAMKYNHLEIÐ PÖR Hafa leitað til Sýslumannsins í Reykjavík síðustu þrjú ár til að fá samvist sína staðfesta. Á sama tíma hefur Sýslu-  
maðurinn gefið út sjö leyfi til lögskilnaðar á staðfestri samvist samkynehleiddra. Þetta kemur fram í frétt DV í síðustu viku. Tölur frá Hagstofu sýna að samkynehleidd pör hafa almenn tilítm áhuga að fá samvist sína staðfesta.

MIKID VILL MEIRA. Í góðri grein sem Egill Helgason skrifaði í síðustu viku „Um fordóma og fáfræði“ bendir hann á að þetta sé einhver sigursælasta réttindabaráttu mannkynehleiddra. Sem er frábært en kannski er farið að halla aðeins á hina hlíðina: Þeir sem voga sér að gagnrýna þennan þjóðfélagsþóp eru úthröpaðir. „Fyrir margt samkynehleigt fólk hefur þessi réttindabaráttu líka orðið sjálf inntak tilverunnar; það er ekki sá kimi sem hún nær ekki út í“, skrifar Egill.

ÁHUGALEYSI HOMMA OG LESBÍA á að fá samvist sína staðfesta bendir til þess að baráttan fyrir því að kirkjan líti fram hjá því sem segir í Biblíunni: „Eigi skalt þú leggast með

karlmanni sem kona væri. Það er víðurstyggð.“ (þriðja bók Móse) og gefi samkynehleidda saman í heilagt hjónaband stuítt um annað og kannski meira, en jöfn réttindi. Og spyrja má hvað samkynehleiddir vilja í

**Fyrst og fremst**  
„Og spyrja má hvað samkynehleiddir vilja í stofnun sem byggir allt sitt á Biblíunni sem felur annað eins og þessi skilaboð í sér?“

stofnun sem byggir allt sitt á Biblíunni sem felur annað eins og þessi skilaboð í sér? Eins má spyrja hvað búi að baki hávaerum röðdum gagnkynehleiddra sem láta sig kirkjunna engu varða en finnst hún ótrúlega forpokuð og ósmekkleig að leyfa ekki samkynehleiddum að ganga í hjónaband innan veggja sinna. Líkt og þeir sem aldrei koma á kaffihúsi en vilja samt banna þar reykingar.



ÞÓ MÁLIÐ SÉ ATHYGLISVERT eru menn að flækja það að öþörfu. Guðrún Ógmundsdóttir er auðvitað fyrst og fremst að lýsa yfir stuðningi sínum við samkynehleidda með tillögu sett hvað þeir gera með hjúskap homma og lesbía. Enda góðhjúrtuð kona. En hún hefur líkast til ekki brotið það til mergjar hvaða djúpu og táknrænu merkingu kirkjan leggur í hjónabandið. Enda ekki hennar

mál. Þeir sem aðhlylast aðskilnað ríkis og kirkju hljóta að styðja tillöguna. Þetta er mál kirkjunnar og það lýsir ríðaleysi biskups að vilja hinn beiska kaleik hjá ríkinu – að purfa ekki að taka afstöðu til málsins. En Herra Karlí er vorkunnur að stjórna batteri þar sem klerkar vada upp og láta lýðskrum fyrst og fremst stjórna gerðum sínum en ekki hina helgu bók.

## Kúlulán

„Stjórnendur Össurar ætla að verja um 190 milljónum króna til endurskipulagningar og uppbyggingar á Innovation en KB banki fjármagnar kaupin með 2,5 milljarða kúluláni. Þessi texti birtist í frétt Fréttablaðsins á laugardaginn. Enn einu sinni hefur viðskiptabíladamönnunum landsins tekist að skrifa texta með óskiljanlegum hugtökum. Hvers konar lán er kúlulán? Samkvæmt skilgreiningunni er kúlulán óverðtryggt vaxtagreiðslulán í íslensku krónum fyrir þá vilja víta það en ekki lán sem hægt er að vöðla saman í kúlu...“



Jón Sigurðsson Forstjóri Össurar fjármagnaði nýverið kaup á fyrirtæki með hinu svinsæla kúluláni.

## Kraftlyftingar eru líka íþrótt

„Þá má nefna að ekki fengu Jón Páll og Magnús Ver þennan eftir-  
sóttu titil þrátt fyrir að báðir sigruðu í keppninni Sterkasti maður heims, hvor um sig fjórum sinnum“, skrifar lögmaðurinn Ólafur Sigurgeirsson í Morgunblaðið á laugarlaginn og veldir fyrir sér hverjir séu galdgengir í kjörinu um íþróttamann ársins.

fyrir íþróttamenn. Þessir íþróttamenn eiga ekki síður erindi í kjörinu um íþróttamann ársins en þeir sem eru innan vöðbanda ÍsÍ. Kraftlyftingamaðurinn Magnús Bess hefur til dæmis aldrei komið til álíta þrátt fyrir að hafa verið 20 sinnum Íslandsmeistari, umnið til verðlauna á norður-landamóti og orðið meistari meistaramann á 8 sinnum.



Það er rétt hjá Ólafi að ÍsÍ er barn síns tíma og margir einkaaðilar séu farnir að skapa aðstöðu

Jón Páll Sigurðsson Kraftlyftingamaðurinn hafa oft verið landi og þjóð til söma. Þessir íþróttamenn eiga tilkall til þess að vera með í kjörinu um íþróttamann ársins.

Tekið skal fram að Nýja Testamentið var tekið saman á 4. öld

Dýrmynd: Vilfrinn

Mr. Páll Baldvín Baldvinsson  
14. JAN. 2006